

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 15. maí 2024
UST202405-093/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 - Geitasandur og Geldingalækur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 10. maí sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 vegna Geitasands og Geldingalæk.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að hluti af skógræktar- og landgræðsluvæði SL5 innan Geitasands verður skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Auk þess er gert er ráð fyrir að breyta landbúnaðarsvæði syðst í landi Geldingalækjar, svokallað Stórholt í um 140 ha skógræktar- og landgræðsluvæði. Markmið breytingarinnar er að auka þekju birkiskóga á svæðinu og þannig stuðla að kolefnisbindingu, auk þess að nýta viðinn síðar meir.

Stefna og loftslagsmál

Í greinargerð segir markmið breytingarinnar er að auka þekju birkiskóga á svæðinu og þannig stuðla að kolefnisbindingu, auk þess að nýta viðinn síðar meir.

Í greinargerð er fjallað um stefnu sveitarfélagsins varðandi skógrækt. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið setji sér stefnu um nytjaskógrækt og áhrif stefnunnar á umhverfi og náttúru.

Auk þess þarf að fjalla um stefnu sveitarfélagsins varðandi loftslagsmál og kolefnisbindingu og einn umhverfisþátturinn ætti því að vera loftslagsmál með viðeigandi matsspurningum og umhverfisviðmiðum eins og aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur